



ÞJÓNUSTA

FRÆÐSLA

FRÉTTIR

STUÐNINGSFÉLÖG

SVÆÐAFÉLÖG

UM FÉLAGIÐ

HAFA SAMBAND

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra tók á móti fyrstu slaufunni í október úr hendi Guðrúnar Agnarsdóttir forstjóra félagsins. Sif Jakobs gullsmiður fylgdist stolt með. Slaufan þótti hin mesta prýði og reyndist árið 2009 vera metár í sölu bleiku slaufunnar, en alls seldust 43.000 slaufur í áttakinu.



Mynd - Gollu

Starfsmenn heiðraðir



Árleg samverustund starfsfólks, stjórnar og heiðursráðs Krabbameinsfélagsins var haldin 15. desember sl. með jólatónlist, heitu súkkulaði og jólabrauði. Venja er að veita starfsfólki þá viðurkenningar fyrir áfanga í starfi en starfsmanna-velta hjá félaginu er mjög lítil.

Að þessu sinni voru fimm sem höfðu starfað í tíu ár, ein í fimmtán ár, ein í tuttugu ár, þrjú í 25 ár og þrjár í 30 ár. Eru þeim öllum svo og öðru starfsfólki þökkúð farsæl störf í þágu félagsins. Bókautgáfan *Opna* styrkti félagið við tilefnið með því að gefa bókina *Jökla á Íslandi*, eftir Helga Björnsson.

Heilbrigðisráðherra opnaði nýja heimasíðu



Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra opnaði nýja og endurbætta heimasíðu Krabbameinsfélags Íslands að viðstöddum stjórnendum og starfsfólki félagsins. Heimasíðan er mikilvægt tæki fyrir þá sem leita upplýsinga um krabbamein eða nýta sér þjónustu Krabbameinsfélagsins.

Á heimasíðunni er lögð áhersla á einfalda og þægilega framsetningu á fræðslu um krabbamein og upplýsingum um þjónustu Krabbameinsfélagsins. Meðal annars er hægt að panta tíma í krabbameinsleit, gerast styrktaraðili, eða nálgast upplýsingar um Ráðgjafarþjónustuna. Sjá nánar á www.krabb.is.



GOTT AÐ GEFA, HIMNESKT AÐ ÞIGGJA


Molar úr starfi félagsins...

Mikið starf er unnið í grasrót félagsins. Alls eru aðildarfélög Krabbameinsfélagsins um 30 talsins. Svæðafélögin ná hringinn í kringum landið og stuðningshóparnir halda úti öflugri jafningjafræðslu.



Ný jólakort frá Sigurvon

Tvö ný jólakort Krabbameinsfélagsins Sigurvonar á norðanverðum Vestfjörðum eru komin í prentun. Að þessu sinni eru þau prýdd myndum áhugaljósmyndarans Ágústar G. Atlasonar. Ágúst segist vilja styrkja gott málefni og gefur því félaginu myndirnar. Hann hefur verið öflugur í ljósmyndun undanfarin misseri og haldið sýningar víða. Hann hefur fengist við ljósmyndun síðan 1990. Einstakt landslag Vestfjarða er vinsælt myndefni hjá Ágústi og þarf engan að undra það miðað við fegurðina á meðfylgjandi mynd sem prýðir annað jólakort Sigurvonar. Ágóðinn rennur í styrktarsjóð Sigurvonar.



Jólakort til styrktar starfi Styrks

Styrkur, samtök krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra, selur nú eins og áður jólakort til ágóða fyrir starfsemi samtakanna. Um er að ræða kort með mynd eftir Kristínu Gunnlaugsdóttur listmálara. Myndin heitir Móðir og barn með hvíta rós.


Þetta er í þrettánda sinn sem Styrkur gefur út jólakort. Kortin verða m.a. seld á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8 í Reykjavík. Einnig er hægt að panta þau í tölvupósti (5525058@internet.is) eða í síma 896 5808. Átta kort kosta aðeins 1.000 krónur.



Framför - Bragð í baráttunni

Út er komin bókin Bragð í baráttunni - matur sem vinnur gegn krabbameini. Bókin heitir á frummálinu Cooking with Foods that fight Cancer og hefur vakið athygli víða um heim, enda er hér um tímamótarit að ræða. Bókin er gefin út af JPV útgáfu að frumkvæði Krabbameinsfélagsins Framfarar. Bókin, sem er aðgengileg, litrík og listilega hönnuð, hefur að geyma ítarlega umfjöllun um ýmis hráefni í matargerð sem talið er að geti unnið gegn myndun krabbameina.

Vinsæl matreiðslunámskeið, sem byggð eru á bókinni hafa verið haldin í Ráðgjafarþjónustunni í samstarfi við Kraft.



Kraftur - Dagbók rokkstjörnu

Út er komin Dagbók Rokkstjörnu eftir Atla Thoroddsen flugstjóra, en hann lést í sumar eftir þriggja ára baráttu við krabbamein. Þegar Atli dó var hann langt kominn með vinnslu bókarinnar sem byggir á blogg færslum hans eftir að hann greindist með krabbameinið og er mjög grafísk og frumleg í framsetningu. Að ósk Atla, tóku vinir og aðstandendur hans sig saman eftir andlát hans og kláruðu verkefnið. Bókin var afhent Krafti, sem sér um dreifingu og kynningu í samvinnu við fjölskyldu og vini Atla. Ágóði bókarinnar er eyrnamerkur verkefna- og stuðningssjóði Krafts sem verður kynntur eftir áramótin.

Kæri lesandi,

nú nálgast jólin og aðventan er tími undirbúnings og tilhlökkunar. En hátíð eins og jólin getur verið þeim erfið sem eru veikir eða hafa misst ástvin og því er mikilvægt að huga að þeim sem nær okkur standa og eiga um sárt að binda. Krabbameinsfélagið býður upp á ráðgjöf og stuðning í Ráðgjafarþjónustunni í Skógarhlíð 8 og eru allir velkomnir þangað.

Við erum þakklát þeim mörgu sem lögðu okkur lið í átaki gegn brjóstakrabbameini í októbermánuði en þeir voru fjölmargir sem hjálpuðust að þannig að árangurinn varð mjög góður. Það fé sem safnaðist verður að þessu sinni nýtt til að efla leitarstarf Krabbameinsfélagsins en þar hefur þurft að hagræða eins og víða í þjóðfélaginu. Nú er í undirbúningi átak sem verður í marsmánuði en þá munum við beina sjónum að körlum og krabbameini og verður lögð áhersla á almenna árvekni en einnig á blöðruhálskirtils- og ristilkrabbamein. Viðbrögð við þessu átaki hafa verið mikil og jákvæð meðal karla á undanförunum tveimur árum og Krabbameinsfélagið mun halda áfram að hvetja til þess að hafin verið almenn leit að ristilkrabbameini bæði hjá körlum og konum í vissum aldurshópum. Starf Krabbameinsfélagsins er mikið og fjölbætt í þágu fólksins í landinu og við þökkum innilega það traust og velvild sem fólk sýnir félaginu. Þessi stuðningur veitir okkur meðbyr og hvetur okkur til dáða. Fyrir hönd okkar hjá Krabbameinsfélaginu sendi ég öllum landsmönnum bestu óskir um góð og gleðileg jól og farsælt komandi ár.



Mynd - Gollí

Radisson SAS 1919 Hótel vekur mikla athygli



Mynd - Rafn Sigurbjörnsson

Radisson SAS 1919 Hótel vakti mikla athygli í bleika mánuðinum. Kveikt var á lýsingunni 1. október og var viðburðinum sjónvarpað beint í Ísland í dag. Hanna Birna Kristjánsdóttir hafði heiðurinn af því að kveikja á lýsingunni. Nemendur í Lýsingahönnun við Tækniskóla Íslands lögðu félaginu lið með því að hanna og setja upp lýsinguna í samvinnu við starfsfólk hótelsins. Guðjón L. Sigðursson hjá Verkís hafði umsjón með verkinu og er þetta í fjórða árið í röð sem Guðjón aðstoðar Krabbameinsfélagið við lýsingu í október.

Krabbameinsfélagið er sérstaklega þakklátt nemum og kennurum við Tækniskólann, starfsfólki 1919 Hótel og öllum þeim sem lögðu málinu lið.

Mikilvægt að hafa einhvern til að tala við - Ragnheiður Alfreðsdóttir

Við þurfum að sinna líkama okkar, líðan og tilfinningum. Margir upplifa að líf þeirra hafi breyst eftir greiningu krabbameins og sumir upplifa að þessi óvænta lífsreynsla hafi fært þeim tækifæri og gefið þeim nýtt líf. Sumir segja að þeir upplifi styrk hjá sjálfum sér sem gerir þeim kleift að takast á við önnur vandamál í lífinu án hindrana. Við notum oft áramótin til að gera upp árið sem er að líða. Ein leið sem virðist getað hjálpað fólki til að ná aftur jafnvægi í lífi sínu eftir áfall er að leita stuðnings hjá öðrum. Að tala um neikvæðar tilfinningar og mikilvæga atburði virðist hafa jákvæð áhrif á heilsuna. Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins er leiðandi upplýsinga- og stuðningsmiðstöð vegna krabbameina, fyrir almenning, án endurgjalds. Við óskum þér velfarnaðar á nýju ári.